



Alþingi
Erindi nr. P 142/160
komudagur 2.7.2013

1. júlí 2013
1306188

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 26. júní 2013 leitaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (frítekjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir), 25. mál á 142. þingi.


Meginefni frumvarpsins er hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega og afnám skerðingar grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna. Auka á réttindi þeirra sem fá greiddan elli- og örorkulífeyri frá almannatryggingum og þeirra sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd koma framvegis ekki til lækkunar grunnlífeyris elli- og örorkulífeyris. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins eru breytingarnar fyrstu skrefin í að afturkalla skerðingar á lífeyrisbótum sem gripið var til m.a. með lögum nr. 70/2009 í kjölfar efnahagsáfallanna haustið 2008.

Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins áætlar að kostnaður við breytingarnar verði á heilu ári 1,7 ma.kr. auk þess sem tímbundin hækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar vegna lífeyrissjóðstekna falli niður um næstu áramót og skerðingarhlutfallið lækki úr 45% í 38,5%, með 3 ma.kr. kostnaðarauka á ári. Engin viðbrögð séu við því í frumvarpinu í máli 25/142, en án viðbragða verði árlegur útgjaldaauki vegna lífeyristrygginga alls 4,7 ma.kr. á ári.

Forgangsröðun útgjalda er í eðli sínu pólitísk og tekur Seðlabanki Íslands ekki afstöðu til þess hvernig henni er háttað en telur hins vegar brýnt að jöfnuður náist á ríkissjóði sem fyrst. Í ljósi skuldastöðu ríkisins telur Seðlabankinn lítið svigrúm um þessar mundir til útgjaldaaukningar án niðurskurðar eða tekjuöflunar á móti.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Rannveig Sigurðardóttir
staðgengill aðalhogfræðings